


Jóhann Már Mariússon segir frá



Jóhann Már Mariússon - mynd tekin um 1980

Jóhann Már Mariússon er fæddur í Reykjavík 1935, sonur hjónanna Vigdísar Eyjólfsdóttur og Mariúsar Jóhannssonar. Hann er stúdent frá MR 1955 og verkfræðingur frá DTH í Kaupmannahöfn 1962. Jóhann er einn af stofnendum verkfræðistofunnar Hönnunnar. Hann var eftirlitsverkfræðingur hjá Hartza Eng. við byggingu Búrfellsvirkjunar 1966-70. Verkfræðingur hjá Landsvirkjun 1970-2003, aðstoðarforstjóri frá 1983.

Ég er Rangæingur að ætt og uppruna. Mamma var frá Gunnarsholti og fleiri bæjum þar í sýslunni. Hún hét Vigdís Eyjólfsdóttir Þorleifssonar frá Múlakoti en Eyjólfur afi minn var bróðir Guðbjargar í Múlakoti sem þjóðkunn var á sinni tíð. Mariús, faðir minn, var frá Ormskoti undir Eyjafjöllum. Ég er fæddur og alinn upp í Reykjavík en var öll sumur í sveit eins og þá var algengt. Tvö sumur var ég í Múlakoti hjá Ólafi Túbals, frænda mínum, en hann var sonur Guðbjargar, afasystur minnar, sem ég gat um áðan. Af því að hann var alþekktur, og garðurinn í Múlakoti ekki síður, er ekki úr vegi að skýra dálítið nánar frá því sem þar gerðist.

Múlakot er innarlega í Fljótshlíð og þar sér vel til Eyjafjallajökuls, sem er ein af perlum þessa lands. Á fyrri hluta aldarinnar ræktaði Guðbjörg frænka mín þarna mikinn og fagan garð og varð þar mjög gestkvæmt á sumrin. Meðal þeirra sem voru þar langdvölum var Ásgrímur Jónsson listmálari og málaði hann margar myndir þar, sérstaklega af jöklinum. Ólafur var þá ungur að árum og lærði töluvert að mála af Ásgrími og varð reyndar viðurkenndur málari þegar frá leið. Ekki voru þó allir hrifnir af myndlist Ólafs og man ég að Björn Th. vildi ekki láta mig hafa hann hangandi uppi á vegg þegar hann heimsótti mig einu sinni.

Nú, Ólafur stóð fyrir búinu og auk þess sinnti hann ferðamönnum, fór með þá inn í Þórsmörk því í Múlakoti var eins konar bændagisting og þjónusta við ferðamenn. Svo málaði hann og drakk svo það er raunar merkilegt hvað hann kom miklu í verk. Það komu heilu farmarnir af brennivíni sem hann geymdi niðri í kjallara. Þá kom sr. Sveinbjörg Högnason í heimsókn og þeir fóru á kenderí. En Ólafur var besti karl og ljúfur og góður við mig sem flesta aðra. Þarna komu ferðamenn, innlendir og útlendir, og hann fór með þá yfir Markarfljót og inn í Þórsmörk. Fyrir mína tíð má nefna danska málarann Johannes Larsen en hann kom hingað 1927 og 1930 til þess að teikna myndir af sögustöðum fyrir Íslendingasagnaútgáfu þá sem kom út á dönsku 1930-32. Ólafur ferðaðist með honum víða um land og fyrir hans tilstilli var hann tvo vetur á Konunglega listaháskólanum í Höfn.

Þessi texti er byrjunin á grein um starfsferil Jóhanns, sem birtist í tímaritinu *Skjöldur*, nr. 41 3. tbl. 12. árg. 2003. Hún birtist hér með leyfi viðkomandi